

## Starfsreglur Endurskoðunarnefndar Lífsverks lífeyrissjóðs

### 1. Tilgangur

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs (sjóðurinn) semur starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd sjóðsins sem starfar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga með síðari breytingum. Endurskoðendaráð (ríkisskipað) metur frammistöðu endurskoðunarnefnda.

### 2. Hlutverk

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi (listinn er ekki tæmandi og notast til hliðsjónar fyrir nefndina):

- a. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila (og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar).
- b. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- c. Fara árlega yfir endurskoðunaráætlun innri og ytri endurskoðanda sjóðsins.
- d. Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- e. Meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- f. Setja fram skriflega tillögu til stjórnar um val á innri og ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki fyrir aðalfund sjóðsins. Þar sem sjóðurinn er tengdur almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.
- g. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma við innri og ytri endurskoðun.

### 3. Nefndarmenn

Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur einstaklingum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Stjórn sjóðsins skal skipa einn nefndarmann úr sínum röðum og gera tillögu um aðra two sem aðalfundur kýs. Kjörtímabil nefndarmanna skal vera eitt ár. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa þekkingu og hæfni á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Stjórn sjóðsins skipar formann nefndarinnar, en nefndarmenn velja einn úr sínum hópi sem fundarritara. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af öllum nefndarmönnum. Afrit má afhenda þeim, stjórnendum sjóðsins, og stjórn óski hún eftir því. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar frá stjórnendum og reyndum nefndarmönnum. Endurskoðunarnefnd skal árlega leggja mat á störf sín.

### 4. Heimildir

Nefndarmenn skulu hafa aðgang að öllum gögnum sjóðsins, bókhaldsgögnum og öðrum, vegna starfa nefndarinnar. Þá skal nefndin hafa aðgang að öllum starfsmönnum sjóðsins, innri og ytri endurskoðendum sjóðsins.

### 5. Starfsáætlun endurskoðunarnefndar

Miða skal við að endurskoðunarnefnd komi saman samkvæmt eftirfarandi starfsáætlun:

Fundartími	Fundarefni	Fundarmenn (að lágmarki)
Febrúar	Fræðsludagur endurskoðunarnefndar. Fulltrúar ráðgjafa fara yfir breytingar á reikningsskilum, kröfur er varða sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar, eftirlitsumhverfi, lögum, breytingar á áhættustýringu, upplýsingatækni osv.	Nefndarmenn, framkvæmdastjóri sjóðsins, fulltrúar ráðgjafa
Mars	Áhættu- og eignastýring. Farið yfir áhættu- og eignastýringu, vikmörk og frávik frá heimildum, ferlum eða reglum og meðhöndlun ef við á.	Nefndarmenn, framkvæmdastjóri sjóðsins, áhættustjóri, forstöðumaður eignastýringar og regluvörður
Mars	Ársuppgjör sjóðsins, fundur skal haldinn ádur en stjórn skrifar undir ársreikning. Endurskoðandi eða endurskoðunar-fyrirtæki skal gera endurskoðunar-nefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.	Nefndarmenn, framkvæmdastjóri sjóðsins, fjármálastjóri, fulltrúar ytri endurskoðanda og tryggingastærðfræðingur
Maí	Fundur með stjórn sjóðsins, yfirferð á skýrslu endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið og starfsreglur endurskoðunarnefndar til samþykktar	Nefndarmenn og stjórn sjóðsins
Maí	Yfirferð á áætlun innri endurskoðanda um vinnu við innri endurskoðun	Nefndarmenn, framkvæmdastjóri sjóðsins og fulltrúar innri endurskoðanda
Ágúst	Yfirferð á skýrslu innri endurskoðunar	Nefndarmenn, framkvæmdastjóri sjóðsins og fulltrúar innri endurskoðanda
September	Árshlutauppgjör sjóðsins og endurskoðunaráætlun.	Nefndarmenn, framkvæmdastjóri sjóðsins, fjármálastjóri og fulltrúar ytri endurskoðanda

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal boða til funda og finna hentugan tíma fyrir fundarmenn sem miðast við fundartíma í töflunni hér fyrir ofan. Helstu stjórnendur skulu sitja fundi nefndarinnar. Á fundum endurskoðenda með nefndinni skulu stjórnendur víkja í lok fundar og leyfa nefndarmönnum að funda einslega með endurskoðendum.

## 6. Ábyrgð og trúnaður

Nefndarmenn skulu vera sjálfstæðir í vinnubrögðum og starfrækja hlutverk sitt af kostgæfni og heilindum. Nefndarmönnum ber að gæta að vanhæfi og ber skylda til að upplýsa aðra nefndarmenn um mögulegt vanhæfi í samræmi við stjórnsýslulög hvað varðar þau málefni sjóðsins sem nefndin fjallar um. Nefndarmenn skulu vera óháðir starfsmönnum sjóðsins og endurskoðanda.

Nefndarmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar hvað varðar málefni sjóðsins og nefndarinnar í samræmi við þau lög og þær reglur sem sjóðinn varðar, m.a. lög nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Nefndarmaður er



ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þótt nefndarmaður láti af starfi.

Endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og svarar beint til stjórnar. Stjórn ber ábyrgð á störfum endurskoðunarnefndar.

Nefndarmenn skulu setja upphafsstafi sína á starfsreglur þessar til staðfestingar þeim.

## 7. Skýrslugjöf

Endurskoðunarnefnd skal skila skriflegri skýrslu til stjórnar eínu sinni á ári um helstu verkefni í starfi sínu.

Reykjavík, 21. ágúst 2024

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs

Georg Lüdersson  
Agnar Ásgeirsson  
Guðrún Ólafsson  
Margaret Annaðóttir  
Eva Hlin Dereksdóttir